

## STAÐAN Í DAG

### **Skipulags- og byggingarmál.**

Nýtt aðalskipulag Vesturbyggðar hefur verið staðfest og gildistími er 2018-2035, aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps er í vinnslu 2019-2035, vinnslutillaga auglýst til 5.maí. Talsverð vinna hefur verið við deiliskipulagsmál í sveitarfélögunum og helst í hendur við uppbyggingu í atvinnulífi og fjölgun íbúa. Unnið er að þéttingu byggðar, m.a. með því að útdeila lóðum á þegar byggðum svæðum. Mikið hefur verið byggt á Barðaströnd og fjölgun húsa í sveitinni hefur verið mikil, bæði sumarhús og íbúðarhús. Staða skipulagsmála nokkuð góð.

### **Hringrásarhagkerfið og úrgangsmál.**

Samningur um sorpmál hefur nýlega tekið gildi fyrir bæði sveitarfélög og unnið er með samræmdum hætti á öllu svæðinu. Sveitarfélögin hafa verið að vinna að úrgangsmálum saman og er nú þegar mikið samræmi í þeim málaflokki.

### **Loftslagsmál og náttúruvernd.**

Tálknafjörður hefur ekki sett sér loftslagsstefnu en unnið er að loftslagsstefnu í Vesturbyggð. Náttúruvernd er að miklu leyti undir ríkisstofnunum en vinnuhópur leggur áherslu á að sveitarfélagið verði vakandi fyrir náttúruverndarmálum á næstu árum, þar sem hópurinn telur líklegt að fyrirhuguð sameining ríkisstofnana muni hamla framgangi mála í þessum málaflokki.

### **Vatns- hita og fráveitumál.**

Fráveitumál í öllum byggðakjörnum er ábótavant og frágangur uppfyllir ekki ítrustu kröfur. Í Tálknafirði er vatn úr borholu nýtt til að kynda sundlaug og skólahúsnaði og mögulegt er að setja þar upp hitaveitu með auknum hita á vatninu. Unnið er að jarðhitaleit og áfram leitað að framtíðarlausnum í Vesturbyggð.

### **Brunavarnir, eldvarnareftirlit og almannavarnir.**

Slökkvilið Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps var sameinað fyrir mörgum árum og vinnur saman sem ein heild en eru rekin sem 2 einingar. Búnaður er fluttur á milli eftir þörfum. Ekki eru í gildi samningar um vinnu slökkviliðsstjóra og stjórnenda milli sveitarfélaganna, eins hefur ekki verið gerður samningur varðandi aðstoð á milli byggðakjarna. En þetta er ekki sýnilegt fyrir þá sem þurfa á þjónustunni að halda ( í framkvæmd). Verið er að reka 3 stöðvar, sem er dýrt í framkvæmd en styrkleiki þegar kemur að viðbragði. Mönnun er góð, en þó viðkvæm fyrir fólksflutningum og fækkun/fjölgun íbúa.

Í eldvarnareftirliti eru um 102 skoðanir sem þarf að framkvæma á hverju ári auk 28 lögbýla sem þarf að skoða á fjögurra ára fresti. Við athugun síðustu ára kemur í ljós að unnt er að sinna um 20 % af þeim verkefnum eftirlitsins sem lögbundið er. Er því ekki sinnt í dag eins og lög gera ráð fyrir. Nauðsynlegt að skoða þennan málaflokk og endurskipuleggja eftirlit.

Hvað varðar almannavarnir, þá hafa viðbragðsaðilar staðið sig vel sem sýndi sig í nýafstaðinni flugslysaæfingu þar sem samhæfð viðbrögð voru æfð. Einnig hefur reynt á viðbragðsaðila í nýlegum útköllum og í stóru myndinni gekk allt vel og verkefni leyst.

Mikið vantar þó upp á að sveitarfélögin geri sér grein fyrir sinni ábyrgð og veiti þessum málaflokk meiri athygli.

### **Umferðaröryggismál**

Unnar hafa verið umferðaröryggisáætlanir fyrir afmarkaða hluta sveitarfélagsins Vesturbyggðar og hafin var vinna við gerð umferðaröryggisáætlunar fyrir allt sveitarfélagið, en óljóst hvernig sú vinna stendur. Ekki er vitað um stöðu á umferðaröryggisáætlun fyrir Tálknafjarðarhrepp.

Mikið var rætt um það í vinnuhópnum að umferðaröryggismál fyrir samgöngur innan sveitarfélagsins og milli byggðakjarna verði sérstakt áherslumál þegar horft er til sameiningarmála. Öruggt flæði íbúa milli byggða- og atvinnusvæða er forsenda fyrir áframhaldandi þróun.

**Almennt er lögð áhersla á þjónustumiðstöðvar í byggðakjörnum og sýnileika þjónustu sveitarfélagsins og starfsmanna þess. Skipulagsfulltrúi beggja sveitarfélaga er ekki fastur starfsmaður, heldur aðkeypt vinna. Byggingafulltrúi í Vesturbyggð er í 50% stöðu og hefur aðstöðu á Patreksfirði. Byggingafulltrúi Tálknafjarðarhrepps er aðkeypt vinna.**

## SVÓT GREINING

Starfshópurinn hefur framkvæmt svokallaða SVÓT greiningu sem er greinandi aðferð sem er notuð til að finna og flokka innri og ytri áhrifaþætti á ákveðnum vettvangi. Styrkleikar og veikleikar tilheyra innri þáttum en ógnanir og tækifæri tilheyra ytri þáttum.

### Styrkleikar

Mikið af svæði er óskipulagt og því eru tækifæri til að skipuleggja fleiri íbúasvæði og lóðir eru ódýrari en annars staðar á landinu. Búseta er í nágrenni við náttúruauðlindir og mikil tengsl íbúa við náttúru.

Virkjanamöguleikar fyrir smávirkjanir á svæðinu, virkja má Hólsá í Tálknafirði og í Vesturbotni í Patreksfirði.

Verið að vinna í fráveitumálum.

Umhverfisstofnun er sýnileg á svæðinu, með starfsstöð í Vesturbyggð.

Frábært starfsfólk í umhverfis- og skipulagsmálum, samstarf í brunavörnum og öflugir viðbragðsaðilar eru á svæðinu.

Þrjár slökkviliðsstöðvar sem vinna saman sem ein heild með vel þjálfuðu liði og góðum milli-stjórnendum sem geta tekið stjórn á vettvangi. Búnaði deilt eftir þörfum og góð hefð er fyrir samstarfi.

Þekking og reynsla er til staðar í eldvarnareftirliti. Öryggisúttekt alltaf gerð í nýbyggingum.

Gott samstarf eldvarnareftirlits við byggingafulltrúa.

### Veikleikar

Miklar fjarlægðir milli byggðakjarna, samgöngulega. Mikill kostnaður á ársgrundvelli sem leggst á íbúa og fyrirtæki. Flæðið milli byggðakjarna ekki þægilegt.

Umferðaröryggi ábótavant á helstu samgöngum milli byggðakjarna. Tengingin frá Bíldudal upp í Helluskarð er léleg.

Flest svæði þurfi að bæta umgengni á opinberum svæðum, allt of mikið af drasli á svæðunum.

Tungumálaörðuleikar, erfitt að koma upplýsingum áleiðis til íbúa, t.d. í tengslum við sorpmál.

Heilbrigðismál út frá samgöngum. Aðgengi að heilbrigðisþjónustu erfitt vegna fjarlægðar frá byggðakjörnum og vetrarskilyrða.

Vantar meiri jákvæðni, fræðslu og umræðu um náttúruverndarmál og loftslagsmál.

Sorpmálin eru ekki nógu fyrirferðarmikil.

Íbúar skilja ekki mikilvægi flokkunar úrgangs og taka ekki nægilegan þátt í endurvinnslu.

Ekki möguleikar á frekari sameiningum utan svæðis hvað varðar slökkvilið og brunavarnir.

Sveitarstjórnir sýna ekki nægilegan áhuga á bruna- og almannavörnum og fær lítið vægi í stjórnsýslu. Skortur á tíma vegna lágs stöðugildis slökkvistjóra til að sinna verkefnum sem skylt er skv. lögum. Skoðanir í eldvarnareftirliti of fáar.

Fámennið er veikleiki.

## Ógnanir

Samgöngur innan og utan svæðis. Fyrst og fremst milli byggðakjarna.

Aukin umferð vöruflutninga og þungaumferð um þjóðvegi, s.s. rútur og flutningabílar.

Aukin umferð ferðamanna, veikir innviðir til að taka á móti ferðamönnum. Hætta á stærri slysum.

Dreift eignarhald á landi tefur framkvæmdir eða kemur í veg fyrir þær.

Okkur vantar meira vægi inn í skipulag fjarða (þó var aðeins rætt um Strandsvæðaskipulag).

Lagaumhverfi okkar er ekki að taka nægilegt tillit til landsbyggðar. Lagaumhverfi oft smíðað af íbúum í þéttbýli. Lög of mikið á forsendum fólks sem ekki þekkir til svæðisins.

Öryggi íbúa þegar kemur að aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðismál eru öryggismál, alveg frá ljósmæðrum til slökkviliðs.

Hæg uppbygging á ofanflóða-vörnum.

Raforkuöryggi er ekki ásættanlegt.

Ekki nægur þrýstingur á fyrirtæki að vera ábyrg í umhverfismálum.

Fjarskiptamál algjörlega óásættanleg með tilliti til öryggis. Er einnig almannavarnamál.

Falsfréttir varðandi laxeldi – óvandaður og einhliða fréttáflutningur.

Aukin áhætta í brunamálum fylgir stærri vinnustöðum (stóru atvinnuhúsnæði). Fjölgun eiturefna.

Fleiri bátar og prammar í tengslum við uppbyggingu í fiskeldi, rafmagn – brunahætta.

Fjárskortur sveitarfélaga.

## Tækifæri

Það eru tækifæri í samgöngum með jarðgöngum. Mikil áhersla á jarðgöng.

Samgöngur, hægt að minnka kolefnisspor með því að styrkja og leggja áherslu á styðstu flutningaleiðir m.t.t. til aðfanga og flutninga.

Mikilvæg búbot að koma á tengingu á Bíldudalsvegi upp í Helluskarð.

Tækifæri í uppbyggingu ferðaþjónustu með bættum samgöngum og uppbyggingu innviða.

Tækifæri með lagasetningu í fiskeldi, við höfum tækifæri til að hafa áhrif á löggjöf varðandi fiskeldi/eldi.

Tækifæri í að koma því betur á framfæri að íbúar á svæðinu eru með frekar sterka umhverfisvitund, vanmetið!!

Huga betur að ásýnd sorpmála. Úrgangurinn er auðlind.

Störf án staðsetningar/lífsstíll, tækifæri til að laða að okkur fólk.

Aukið aðhald frá ríki við að auka öryggi íbúa í tengslum við brunavarnir og aukin fræðsla frá HMS, m.a. nýr gagnagrunnur með utanumhaldi.

Aukið öryggi íbúa og samfélags í brunamálum með því að sinna öflugum eldvarnareftirliti. Með góðu skipulagi í brunamálum og almannavörnum verður til öruggara umhverfi.

Ljósleiðaravæðing, bætt netsamband og fjarskipti- grunnur að tilfærslu starfa.

Samstarf bænda/eldisfyrirtækja við sveitarfélög og/eða einkaaðila um vinnslu lífræns úrgangs.

Tækifæri í smávirkjunum og sjávarfallavirkjunum- á látragrunni og víðar.

Nýting jarðhita í ferðaþjónustu.

Meiri náttúrufræðslu bæði í skólum, hjá eldri borgurum og íbúum almennt-> aukin náttúruvitund og umhverfisvitund.

Þjóðgarður, aukin störf, meira aðrættarafi fyrir ferðamenn.

Stækkun á starfshlutfalli byggingafulltrúa.

Fiskeldisgjöld renni beint til sveitarfélaganna.

## Samantekt

**Umferðaröryggi með jarðgöngum og bættum samgöngum fékk mikla umræðum í öllum flokkum SVÓT greiningar og langflest stig í framtíðarsýn. Þar vó einna þyngst umræða um nauðsyn þess að það kæmu jarðgöng milli allra byggðakjarna. En vinnuhópurinn var einhuga um að leggja mikla áherslu á að það kæmu fram aðgerðir í tengslum við sameiningarumræður um hvað verður gert þar til jarðgöng komast á dagskrá. Hvernig umbætur verður farið í á komandi misserum til að tryggja öryggi íbúa við leik og störf.**

Hópurinn telur mikilvægt að ráðamenn á svæðinu leggi fram framtíðarsýn í samgöngumálum fyrir íbúafundina sem haldnir verða í tengslum við undirbúning sameiningar. Hvaða kröfur verða gerðar til samgönguáætlunar í tengslum við sameiningu.

Umræður um fjölmörg tækifæri tengd framtíðar íbúa- og atvinnuþróun á svæðinu voru með jákvæðum og uppbyggilegum hætti.

# FRAMTÍÐARSÝN

## Umferðaröryggi með jarðgöngum og bættum samgöngum

Framtíðarsýn hópsins felur það í sér að komin verði jarðgöng milli allra byggðakjarna innan nýs sveitarfélags. Það verði daglegar áætlunarferðir frá Patreksfirði og yfir til Bolungarvíkur, með viðkomu á Tálknafirði og Bíldudal. Þessi ferð verði farin um nýjan heilsársveg um Trostansfjörð. Vegirnir eru öruggir og mikil áhersla er á umferðaröryggi í samgöngum á öllum Vestfjörðum.

## Sjálfbær orkuöflun á svæðinu með grænum orkugjöfum, Vind- vatns og sjávarfallavirkjanir.

Allar þveranir á suðurfjörðum Vestfjarða hafa verið virkjaðar og búið er að bæta við öflugri vatnsaflsvirkjun á sunnanverðum Vestfjörðum. Sjá má myndarlega vindmyllugarða á Mikladal, í Tálknafirði og á Hálfán.

## Sorpmál- sjálfbær sorpmál með vinnslu sorps á svæðinu

Sveitarfélagið er sjálfbært í sorpmálum. Allt sorp er unnið á svæðinu án þess að nokkru sé ekið í burtu. Lífrænn úrgangur er unninn og nýttur. Stofnuð hefur verið háhitabrennsla fyrir úrgang og varminn frá vinnslunni virkjaður.

## Þjóðgarður á sunnanverðum Vestfjörðum

Búið er að stofna þjóðgarð með tilheyrandi vinnuafli, stýringu og ákvarðanatöku innan svæðis.

## Áhersla á náttúruvernd og græn svæði

Fleiri græn svæði eru í og við þéttbýlin með áherslu á líffræðilegan fjölbreytileika, minni sláttur og fjölbreyttari gróður.

Aukin náttúruvernd sem fær sanngjarnt vægi. Íbúar eru í miklum tengslum við náttúruna og þekkja sérstöðu hennar á svæðinu. Umhverfisvernd sem virkar og reglur eru skiljanlegar.

## Skipulagsmál

Nýtt aðalskipulag fyrir allt svæðið. Búið er að búa til ný íbúðasvæði með auknum fjölda íbúa. Ný íbúðasvæði duga fyrir allt að 5000 manna byggð.

Huga þarf að staðsetningu miðlægrar þjónustu frá sorpmóttöku- og flokkunarstöð sveitarfélagsins.

Lagt er til að fram fari alvöru samtal um framtíðarsýn í málaflokki brunamála og almannavarna áður en nýtt sveitarfélag verði stofnað. Huga þarf að staðsetningu fyrir björgunarmiðstöð sem samhæfi, slökkvilið, björgunarsveit og sjúkraflutninga.

## Loftslagsmál

Loftslagsstefna sveitarfélagsins er komin í framkvæmd og felur í sér áherslur sveitarfélagsins á kolefnisbindingu, s.s. í skógrækt/fleiri skógar.